

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

5. febrúar 2013
Tilvísun: 2013010296/10.4

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning, stjórnarhættir og eftirlit)

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 28. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning, stjórnarhættir og eftirlit).

Fjármálaeftirlitið hefur ekki ábendingar um einstakar greinar frumvarpsins en vill koma á framfæri að nú er til umfjöllunar frumvarp til breytinga á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (þskj. 643, 501 mál). Í 7. gr. fyrrnefnds frumvarps er gerð tillaga til breytingar á 4. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki um hæfisskilyrði stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.

Hæfisskilyrði 54. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi eru sambærileg hæfisskilyrðum framangreindra laga en gert er ráð fyrir breytingum á því ákvæði í 16. gr. frumvarps til breytingar á lögum um váttryggingastarfsemi. Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að samræmis sé gætt milli löggjafar um fjármálafyrirtæki og váttryggingastarfsemi að þessu leyti. Í þessu samhengi er vakin athygli á umsögn Fjármálaeftirlitsins við frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, sem finna má hér:

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=141&malnr=501&dbnr=1312&nefnd=ev.>

Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að veita nánari upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

Haldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

G. Áslaug Jósepsd.
Guðrún Áslaug Jósepsdóttir